



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 24. nóvember 2023

Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. Mál

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hefur bæjarstjórn falið undirrituðum að veita umsögn um frumvarpið.

Fulltrúar sveitarfélagsins hafa átt fund með jöfnunarsjóði þar sem farið var yfir áhrif þess á sveitarfélagið ef frumvarpið verður að lögum. Niðurstaða þeirra útreikninga sýna fremur jákvæð áhrif á tekjur sveitarfélagsins. Tilfni er þó til almennra athugasemda við frumvarpið, ekki síst í ljósi þeirra athugasemda sem borist hafa verið frumvarpið frá öðrum sveitarfélögum.

Almennt um frumvarpið

Almennt er samhljómur um það meðal sveitarfélaga að það sé framfaraskref að sett verði sérstök lög um hlutverk og starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fyrir flest sveitarfélög skiptir regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miklu máli. Nauðsynlegt er að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé skýr, gegnsæ og sanngjörn. Útreikningur framlaga þarf að vera fyrirsjáanlegur og styðja við almenn markmið um styrka fjármálastjórn sveitarfélaga og fjármálareglur.

Mikilvægt er því að tryggja eins breiða sátt um lögin eins og kostur er. Sú breyting að fella niður 4. og 5. mgr. 13. gr. frumvarpsins frá því málið var kynnt í samráðsgátt er því miður til þess fallin að ala á tortryggni í garð frumvarpsins. Breytingin mun helst gagnast sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar. Breytingin gengur þvert gegn markmiðum frumvarpsins og mun valda tilfærslu verulegra fjármuna frá sveitarfélögum sem hafa takmarkaða möguleika til tekjuöflunar til sveitarfélaga sem gætu auðveldlega aukið tekjur sínar með öðrum leiðum.

Sveitarfélagið Stykkishólmur tekur undir athugasemdir annarra sveitarfélaga, sem mótmæla slíkum vinnubrögðum harðlega og væntir þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga geri það einnig.

Framlög úr Jöfnunarsjóði koma úr sameiginlegum sjóði allra sveitarfélaga og eiga að virka til jöfnunar. Það er einfaldlega ójöfnuður fölginn í því að sveitarfélög sem hvorki þurfa né vilja fullnýta sína skattstofna séu að fá full og óskert framlög úr sameiginlegum sjóði sem skerði jafnhliða framlög til sveitarfélaga sem eru í mestri þörf. Það getur ekki verið vilji löggjafans að önnur sveitarfélög og íbúar þeirra fjármagni þann afslátt sem til dæmis Garðabær og Seltjarnarnesbær veita sínum íbúum með því að leggja ekki á hámarksútsvar.

Á sama tíma gerir reiknilíkan ráð fyrir því sem ófrávíkjanlegri meginreglu að sveitarfélög sem hafa tekjumöguleika umfram önnur fái lægri framlög frá sjóðnum eða í sumum tilvikum engin jöfnunarframlög. Þetta undirstrikar að það frávik frá grundvallarreglum um jöfnunarkerfi sem felst í breytingu á 13. gr. grefur undan markmiðum frumvarpsins í heild.



Lokaorð

Sveitarfélagið Stykkishólmur telur mikilvægt að allar breytingar á jöfnunarkerfinu séu vel ígrundaðar og styðji við nýsamþykktu þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Mikilvægt er að Alþingi skoði vel á hvern hátt jöfnunarkerfið styður við sameiningar sveitarfélaga þannig að markmið um stærri og öflugri sveitarfélög verði að veruleika sem víðast um landið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri.

